

Mánudaginn 1. febrúar 1988.

Nr. 293/1986. **Rækjuverksmiðjan hf.**

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

gegn

Tryggingastofnun ríkisins

f.h. Lífeyrissjóðs sjómanna

(Benedikt Blöndal hrl.)

Launakröfur. Lögveð. Uppboðsheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut hinum áfrýjaða úrskurði til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1986, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s.m., samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi krefst þess, að synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs og málinu vísað frá uppboðsrétti Ísafjarðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefst áfrýjandi uppboðs á m.b. Guðmundi Einarsyni ÍS-28 (áður m.b. Heimir KE-77) til fullnustu á gjaldfallinni en ógreiddri iðgjaldaskuld við Lífeyrissjóð sjómanna. Deilt er um það, hvort 10. gr. laga nr. 49/1974, sbr. 3. gr. laga nr. 48/1981, um Lífeyrissjóð sjómanna veiti heimild til uppboðssölu á grundvelli laga nr. 49/1951 um sölu lögveða án undangengins lögtaks. Lög nr. 49/1951 setja það skilyrði fyrir sölu lögveðs á nauðungaruppboði, að gjaldhæðin sé ákveðin samkvæmt lögum eða reglugerðum, staðfestum af stjórnarráðinu. Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 49/1974 er kveðið svo á, að iðgjöld til Lífeyrissjóðs sjómanna skuli nema ákveðnu hundraðshlutfalli af gjaldskyldum launum, sem sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda. Telja verður, að gjaldhæð iðgjaldsins sé nægilega afmörkuð og fullnægi þar með fyrrgreindu skilyrði í lögum nr. 49/1951. Lög nr. 49/1951 setja

einnig þau skilyrði, að áður en eign sú, sem lögveð er mælt í, sé seld, skuli birta „með mánaðar fyrirvara almenna áskorun um greiðslu gjaldanna í dagblaði eða á annan venjulegan hátt og tilkynna skrásettum eiganda lögveðsins með ábyrgðarbréfi, sem borið sé út, að óskað verði uppboðs á veðinu, verði skuldin eigi greidd innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar“. Eins og greinir í hinum áfrýjaða úrskurði var birt greiðsluáskorun frá Lífeyrissjóði sjómanna í Lögbirtingablaðinu 27. mars 1985, og sent var ábyrgðarbréf til Heimis hf. í Keflavík 24. apríl 1985, þar sem krafist var iðgjaldaskuldar fyrir tímabilið 1. - 31. desember 1984. Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. laga nr. 49/1974 eiga launagreiðendur að greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs sjómanna innan tveggja vikna frá útborgun launanna. Af skjölum málsins má ráða, að á þeim tíma, sem innheimtubrésið var sent, þann 24. apríl 1985, hafði Heimir hf. eingöngu sent skilagrein vegna iðgjalda til ársloka 1984 til lífeyrissjóðsins. Uppboðsmálið var þingfest í uppboðsrétti Keflavíkur 18. október 1985. Skilagrein vegna iðgjalda fyrir mánuðina febrúar til október 1985 virðist ekki hafa borist lífeyrissjóðnum fyrr en 20. nóvember 1985. Áfrýjandi var þar af leiðandi ekki í aðstöðu til að tilgreina iðgjaldaskuldina á annan veg en greinir í innheimtubræfinu, og verður að telja að nægilegt hafi verið að hafa uppi kröfur í uppboðsbeiðninni um greiðslu þess iðgjalds, sem á kunni að falla til þess tíma, að skipið yrði selt. Endanlegar kröfur áfrýjanda voru komnar til uppboðsréttar Keflavíkur áður en uppboðsbeiðnin ásamt fylgiskjöllum var send til bæjarfógetans á Ísafirði 11. mars 1986, en skipið hafði verið selt til Ísafjarðar 14. nóvember 1985. Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 80.000,00 krónur, og er sölu-skattur innifalinn í þeirri fjárhæð.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Rækjuverksmiðjan hf., greiði stefnda, Tryggingastofnun ríkisins, f.h. Lífeyrissjóðs sjómanna, 80.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Ísafjardarsýslu 23. september 1986.

Uppboðsbeiðandi, Tryggingastofnun ríkisins, hefur krafist þess að skipið mb. Guðmundur Einarsson ÍS-28, áður mb. Heimir KE-77, verði selt á nauðungaruppboði til lúkningar lögveðskröfu Lífeyrissjóðs sjómanna að fjárhæð kr. 291.106,00 miðað við 30. júní 1986 að viðbættum 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 208.014,50 frá 1. júlí 1986 til greiðudags auk áfallins og áfallandi kostnaðar við nauðungaruppboðið, þ. á m. málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Uppboðspoli, Rækjuverksmiðjan hf. í Hnífsdal, hefur krafist þess að synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs og sé úrskurðaður hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Málavextir.

Tildrög mála eru þau að hinn 20. maí 1985 var hlutafélagið Heimir í Keflavík úrskurðað gjaldþrota í skiptarétti Keflavíkur. Innköllun til kröfuhafa var gefin út samkvæmt gjaldþrotalögum nr. 6/1978, og rann kröfulýsingarfrestur út 14. ágúst 1985. Meðal eigna búisins var mb. Heimir KE-77. Með bréfi 4. júlí 1985 til sýslumannsins í Gullbringusýslu fór uppboðsbeiðandi fram á að skipið yrði selt á nauðungaruppboði til fullnustu gjaldfallinnar en ógreiddrar iðgjaldaskuldar í Lífeyrissjóð sjómanna. Í bréfinu var vísað til almennrar greiðsluáskorunar til útgerðarmanna í Lögbirtingablaði 27. mars 1985 og dagblaði sama dag, sbr. lög nr. 49/1951 um sölu lögveða án undangengins lögtaks, og greiðsluáskorunar uppboðsbeiðanda í bréfi til Heimis hf. 24. apríl 1985. Þetta bréf var lagt fram í uppboðsrétti Keflavíkur 18. október 1985. Á bréfið hefur verið ritað: „Senda tilk. skiptaráðandinn í Keflavík c/o Guðm. Kristj.“ Af gögnum máls verður ekki séð með hvaða hætti það hefur verið gert, en uppboðspoli heldur því fram að vitneskja um uppboðsbeiðni þessa hafi ekki komist til skiptaréttar Keflavíkur fyrr en í ársbyrjun 1986. Ekki er að sjá að uppboðsbeiðandi hafi lýst kröfu sinni í þrotabú Heimis hf. með öðrum hætti innan kröfulýsingarfrests, og hana var ekki að finna í framlagðri kröfuskra þrotabúsins. Með bréfi til uppboðsbeiðanda 25. febrúar 1986 féllst skiptastjóri þrotabúsins á að greiða þá skuld er tengdist uppboðsbeiðninni 4. júlí 1985, en kvaðst vilja líta svo á að öðrum kröfum hefði verið lýst of seint. Hinn 7. apríl 1986 greiddi skiptastjóri uppboðsbeiðanda vegna þessa kr. 12.796,00. Uppboðsbeiðandi sendi skiptastjóra „kvittun fyrir innborgun“ þessari 11. apríl 1986.

Hinn 14. nóvember 1985 var mb. Heimir KE-77 seldur frjálsri sölu Rækjuverksmiðjunni hf. í Hnífsdal, uppboðspola í máli þessu. Í uppboðsrétti Keflavíkur 7. mars 1986 var ákveðið að senda málið bæjarfógetanum á Ísafirði, og var það gert með bréfi 11. mars 1986. Þar var málið tekið

fyrir með venjulegum hætti og tilkynnt með ábyrgðarbréfi til aðila 18. mars 1986 að sala færi fram á eigninni sjálfri 15. apríl 1986. Í þinghaldi þann dag lagði umboðsmaður uppboðspóla fram bréf frá lögmanni hans, þar sem því var mótmælt fyrir hönd eigenda mb. Guðmundar Einarssonar ÍS-28 og annarra, er hagsmuna hefðu að gæta, að uppboð færi fram. Þá var ákveðið að þetta ágreiningsefni yrði tekið til úrskurðar að loknum málflutningi 23. maí 1986. Þann dag óskuðu aðilar eftir fresti, og enn var óskað eftir fresti á tilteknum flutningsdegi 10. júní 1986. Munnlegur flutningur fór svo fram með samkomulagi aðila hinn 19. september 1986, og var málið þá tekið til úrskurðar.

Málsástæður og lagarök.

Uppboðsbeiðandi kveðst byggja uppboðskröfu sína á þessum málsástæðum og lagarökum: *Í fyrsta lagi* kveður uppboðsbeiðandi heimild sína vera lögveðskröfu sem hafi, er Heimir hf. varð gjaldþrota, verið tryggt í mb. Heimi KE-77 og gengið þar fyrir öllum öðrum veðkröfum, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 49/1974 um Lífeyrissjóð sjómanna með síðari breytingum, sbr. og 198. gr. og 1. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Uppboðsbeiðandi kveður að gjaldþrot útgerðarmanns eða eiganda skips raski í engu rétti lögveðshafans, sbr. 2. mgr. 24. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Sama kveður uppboðsbeiðandi gilda varðandi frjálsa sölu lögveðsbundinna eigna, sbr. varðandi frjálsa sölu skipa og báta 1. mgr. 199. gr. siglingalaga nr. 34/1985. *Í öðru lagi* kveðst uppboðsbeiðandi byggja á þeim málsástæðum og lagarökum að hann sem veðhafi hafi ekki þurft að lýsa kröfu sinni í þrotabú Heimis hf. til þess að fá hana að fullu tekna til greina við úthlutan þess fjár er fékkst við sölu hins lögveðsbundna báts, sbr. 2. mgr. 24. gr. og 111. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. *Í þriðja lagi* kveður uppboðsbeiðandi að skiptastjóri þrotabús Heimis hf. hafi enn ekki greitt uppboðskröfuna eins og hann vilji telja hana setta fram, þar sem hann hafi greitt höfuðstól og vexti áfallna við upphaf skipta. Slíka greiðslu á veðkröfum kveður uppboðsbeiðandi brýnt brot á þeirri meginreglu gjaldþrotalaga nr. 6/1978 að gjaldþrot skuli í engu raska rétti veðhafa. *Í fjórða lagi* kveðst uppboðsbeiðandi mótmæla þeim staðhæfingum uppboðspóla að uppboðsbeiðnin fullnægi ekki kröfum 4. og 6. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949, sbr. 88. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Uppboðsbeiðandi kveður 4. gr. laga nr. 57/1949 geyma tæmandi talningu þeirra kafla einkamálagaga sem eigi við um nauðungaruppboð, og þar sé ekki vikið að því að um uppboðsbeiðnir gildi ákvæði einkamálaganna um stefnur. Í 6. gr. sé greint hvað skuli tilgreina í uppboðsbeiðni. Hvergi sé þar að finna kröfu um að kröfufjárhæðar sé getið í uppboðsbeiðni. Uppboðsbeiðandi kveður þó flesta uppboðsbeiðendur tiltaka einhverja fjárhæð sem síðan sé lögð til

grundvallar við auglýsingar nauðungaruppböða í Lögbirtingablaðinu. Á uppboðsþinginu sjálfu kveður uppboðsbeiðandi hins vegar uppboðsbeiðendur gefa upp þær tölur sem þeir telji sig eiga að fá greiddar af andvirði hins selda, auk þess sem uppboðshaldari tilkynni þá oft um fjárhæð ýmiss konar lögveðskrafna.

Uppboðsþoli mótmælir kröfu uppboðsbeiðanda í *fyrsta lagi* með þeim rökum að uppboðskrafan sé þegar greidd. Ekki sé hægt á það að fallast að í uppboðsbeiðni 4. júlí 1985 felist krafa um fjárhæðir umfram þær sem nákvæmlega séu þar tilteknar. Ef því verði haldið fram að fyrirfram prentaður texti í niðurlagi uppboðsbeiðinnar feli í sér frekari uppboðskröfur, sé vísað til 4. og 6. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936. Langt sé frá að uppboðsbeiðni sé svo skýr sem framangreindar lagatiltvitnanir krefji. Í *öðru lagi* mótmælir uppboðsþoli uppboðskröfunni með vísan í 19. og 111. gr. laga nr. 6/1978, en hann hafi sama rétt til mótmæla og til þess að koma að sömu málsástæðum og fyrri eigandi mb. Guðmundar Einarssonar ÍS-28, þ.e. þrotabú Heimis hf. Í 19. gr. laga nr. 6/1978 sé lagt fyrir skiptaráðanda m.a. að auglýsa gjaldþrotaskipti og í auglýsingu skuli vera innköllun til skuldheimtumanna og þeirra sem vilji gera tilkall til eigna úr búinu. Í 111. gr. laga nr. 6/1978 séu fyrirmæli um hvernig með skuli fara ef kröfu sé ekki lýst innan kröfulýsingarfrests. Uppboðsbeiðandi í máli þessu hafi ekki lýst kröfu í þrotabú Heimis hf. fyrir lok innköllunarfrests og hafi í raun ekki gert það enn. Bréf uppboðsbeiðanda 4. júlí 1985 sé augljóslega uppboðsbeiðni en ekki kröfulýsing í þrotabú og skipti þar engu máli þótt uppboðshaldarinn í Keflavík færi einnig með vald skiptaréttar. Raunar sé uppboðsbeiðninni beint til sýslumannsins í Gullbringusýslu, en Heimir hf., þáverandi eigandi Heimis KE-77, hafi verið skráð hlutafélag í Keflavík. Þrátt fyrir framangreint hafi skiptastjóri þrotabús Heimis hf. ákveðið að greiða þá fjárhæð sem tilgreind sé í uppboðsbeiðninni, svo að ágreining þyrfti ekki að hafa uppi hvort þeirri fjárhæð hefði verið lýst eða ekki. Þá er á það bent að þótt uppboðsbeiðnin væri tekin sem kröfulýsing sé hún það ófullkomin að kröfunni bæri að hafna vegna vanreifunar. Tryggingastofnun ríkisins hafi haft sömu aðstöðu til að lýsa kröfum í þrotabú Heimis hf. og aðrir kröfuhafar í þrotabúum. Í kröfuskrá séu aðrir með hliðstæðar kröfur og Tryggingastofnun ríkisins. Benda megi á kröfuhafa nr. 3, 32, 38, 61 og 100 sem hliðstæða kröfuhafa. Allir þessir aðilar hafi fengið m.a. aðgang að gögnum þrotabúsins til þess að koma að sínum kröfum í skýru og skilmerkilegu formi þannig að fullnægði ákvæðum laga nr. 6/1978. Ljóst megi vera hvílikt óhagræði hljótist af ef ákveðnir kröfuhafar þyrftu ekki að lýsa kröfum fyrr en þeim hentaði. Í þessu tilviki hafi söluverð Heimis KE-77 m.a. verið miðað við hversu miklar skuldir hvíldu á bátnum, þ.m.t. lögveðskröfur, og mið af þeim tekið við söluna, en aðrir lögveðshafar hafi lýst kröfum sínum.

Niðurstaða.

Það er óumdeilt að krafa um greiðslu gjaldfallinnar iðgjaldaskuldar í Lífeyrissjóð sjómanna nýtur lögveðs í hlutaðeigandi skipi og gengur fyrir öllum öðrum veðum samkvæmt 4. mgr. 10. gr. laga nr. 49/1974. Með birtingu greiðsluáskorunar frá Lífeyrissjóði sjómanna í 52. tbl. Lögbirtinga-blaðs 27. mars 1985 og ábyrgðarbréfi sama aðila til Heimis hf. í Keflavík 24. apríl 1985 var fullnægt skilyrðum laga nr. 49/1951 um sölu lögveða án undangengins lögtaks. Krafa uppboðsbeiðanda styðst því við fullgilda uppboðsheimild. Beiðni hans um uppboð 4. júlí 1985 fullnægir ákvæðum laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, enda verður ekki samkvæmt 4. gr. laganna gerð krafa um að endanleg kröfufjárhæð sé tiltekin í krónum eftir reglu 88. gr. einkamálalaga nr. 85/1936. Ekki skiptir máli þótt uppboðsbeiðnin hafi verið skrifuð til sýslumannsins í Gullbringusýslu, sem er sami aðili og uppboðshaldarinn í Keflavík, enda var hún lögð fram í uppboðsrétti Keflavíkur án athugasemda 18. október 1985.

Það liggur utan verkisviðs þessa réttar að fjalla um það hvort uppboðsbeiðanda hafi verið eða séu tiltæk önnur úrræði til þess að koma fram kröfum sínum við meðferð þrotabús Heimis hf. í Keflavík. Eins og atvik þessa máls hafa orðið reynir ekki á ákvæði 2. tl. 24. gr., sbr. 1. tl. 73. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, enda er þrotabú Heimis hf. ekki lengur eigandi uppboðsandlagsins.

Samkvæmt 1. mgr. 199. gr., sbr. 202. gr., siglingalaga nr. 34/1985 helst sjóveðréttur áfram í skipi við frjálsa sölu innanlands. Í frumvarpi til laganna var gert ráð fyrir því að sjóveðréttur félli þó niður gagnvart grandlausum viðsemjendum eiganda, hafi áskilnaði um sjóveðrétt eigi verið þinglýst innan tíu vikna frá því að krafa stofnast. Í greinargerð með frumvarpinu kom fram að um algert nýmæli væri að ræða er ekki ætti sér hliðstæðu í siglingalögum annarra Norðurlandþjóða, og væri sett í þeim tilgangi að auðvelda væntanlegum kaupendum skipa, sem selja skal en sem sjóveðréttur hvílir á, svo og samningsveðhöfum og öðrum sem hagsmuna hafa að gæta, að átta sig á þessum mikilvægu eignarhöftum sem skipi fylgja við sölu. Í meðförum Alþingis var þetta ákvæði þrengt þannig að nú fellur sjóveðréttur í skipi aðeins niður gagnvart grandlausum viðsemjendum eiganda skips, ef hann hefur verið staðfestur með dómi eða dómsátt og útdrætti úr dóminum eða dómsáttinni hefur ekki verið þinglýst innan sex vikna frá því að dómur var upp kveðinn eða dómsátt gerð. Slík staða er eigi fyrir hendi í því máli sem hér er til meðferðar. Ákvæði í kaupsamningi uppboðspóla og þrotabús Heimis hf., þess efnis að skiptaréttur muni greiða sjóveðs- og/eða lögveðskröfur af fé búsins, skiptir ekki máli í þessu sambandi og getur ekki losað kaupanda undan lögboðinni ábyrgð, enda væri hagsmunum lögveðshafa þannig stefnt í þá tvísýnu er lagaákvæði um réttar-

áhrif lögveða gera ekki ráð fyrir. Lögveð vegna vangreiddra iðgjalda Heimis hf. í Keflavík í Lífeyrissjóð sjómanna fylgdi þannig við sölu skipsins mb. Heimis KE-77 14. nóvember 1985, sem nú er mb. Guðmundur Einarsson ÍS-28.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið verður fallist á þá kröfu uppboðsbeiðanda, Tryggingastofnunar ríkisins, að fram skuli fara nauðungaruppboð á mb. Guðmundi Einarssyni ÍS-28, áður mb. Heimi KE-77, til lúkníngar lögveðskröfu Lífeyrissjóðs sjómanna samkvæmt uppboðsbeiðni 4. júlí 1985. Eins og fram er komið verður ekki gerð krafa um að í uppboðsbeiðni sé krafa endanlega tiltekin í krónutölu. Í uppboðsbeiðninni 4. júlí 1985 er auk kröfu um greiðslu gjaldfallinnar fjárhæðar gerður áskilnaður um greiðslu þess iðgjalds sem á kann að falla til þess tíma að skipið verður selt auk áfallandi kostnaðar. Slikur áskilnaður er í samræmi við þann tryggingarrétt er lögveði samkvæmt lögum nr. 49/1974 um Lífeyrissjóð sjómanna er ætlað að veita. Hinu sama gegnir um vexti af gjaldföllum iðgjaldagreiðslum. Ekki er ágreiningur með aðilum málsins um útreikning höfuðstóls og vaxta. Framgangur uppboðsins skal því miðast við kröfugerð uppboðsbeiðanda og vera til lúkníngar kr. 291.106,00 auk 2,25% dráttarvaxta á mánuði af kr. 208.014,50 frá 1. júlí 1986 til greiðsludags.

Rétt er að uppboðspoli greiði uppboðsbeiðanda málskostnað fyrir þennan þátt málsins, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 20.000,00.

Pétur Kr. Hafstein bæjarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hið umbeðna uppboð á mb. Guðmundi Einarssyni ÍS-28 skal ná fram að ganga til lúkníngar lögveðskröfu Lífeyrissjóðs sjómanna að fjárhæð kr. 291.106,00 auk 2,25% dráttarvaxta á mánuði af kr. 208.014,50 frá 1. júlí 1986 til greiðsludags.

Uppboðspoli, Rækjuverksmiðjan hf. í Hnifsdal, greiði uppboðsbeiðanda, Tryggingastofnun ríkisins, kr. 20.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.